

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Magnús Gottfréðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Elsa B. Valsdóttir
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Haraldsson
Sigurbergur Káráson
Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður

Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Esther Ingólfssdóttir
esther@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

2000

Prentun, bókband og pökkun

Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi



Áskrift

14.900,- m. vsk.
Lausasala
1490,- m. vsk.

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirsiluna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Stétt með stétt

Við erum stödd á skurðstofu Landspítalans. Klukkan er að verða tólf á hádegi laugardaginn 8. nóvember 1958. Það er mollulegt innandyra, hitinn 26 gráður. Stórri aðgerð er lokið. Búið er að fjarlægja 80% af maga sjúklings með sár á skeifugörm. Viðstaddir aðgerðina voru Njörður P. Njarðvík blaðamaður og Andrés Kolbeinsson ljósmyndari sem síðar lýstu aðgerðinni í máli og myndum á síðum *Vikunnar* 1959; 21/24: 4-7.

Fjölgun maga- og meltingarsjúkdóma virðist hafa verið töluverð því blaðamaður kallar þá tískusjúkdóma sem valdi geðvonsku og taugaóstyrk. Sagt í kerskni en þó í takt við tímann. Þökk sé framförum í tækni og vísindum voru fleiri sjúkdómar greinanlegir og læknanlegir en áður. Þökk sé bættum efnahag og efldu almanna-tryggingakerfi hafði aðgengi almennings aukist að heilbrigðiskerfi sem (þá sem endranær) stóð á tímamótum. Deildum spítalans fjölgaði sem og menntuðu og sérhæfðu starfsfólki. Framtíðin var björt.

Læknablaðið hefur fengið Önnu Þorbjörgu Þorgrímsdóttur til liðs við sig til að velja og skrifa um kápuyndir á 104. árgangi blaðsins í tilefni 100 ára afmælis Læknafélags Íslands. Myndirnar tengjast þeim efnum sem eru í brennidepli afmælisgreina hvers tölublaðs.

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir er sagnfræðingur og safnafræðingur og fyrrum stjórnandi Lækningaminjasafnsins.

Skipulag byggðar er lýðheilsa



Dagur B. Eggertsson læknir og borgarstjóri minntist frumkvöðulsins Guðmundar Hannessonar læknaprófessors á Læknadögum. Guðmundur ýtti bæði *Læknablaðinu* og Læknafélagi Íslands af stokkunum, og erindið hélt Dagur í tilefni aldarafmælis LÍ.

Guðmundur var einsog kunnugt er ekki bara læknir, heldur var samfélagið sjálf honum hugleikið. Ritgerð hans: *Um skipulag bæja*, kom út árið 1916, og er nýlega endurútféin. Dagur fjallaði um tengsl lýðheilsu og borgarskipulags og vitnaði þar til Guðmundar sem kynnti nýjustu hugmyndir um skipulagsmál fyrir Íslendingum í upphafi síðustu aldar. Guðmundur sat í skipulagsnefnd með Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins og höfðu þeir mikil áhrif á skipulag þéttbýlis þegar íslenskt samfélag breyttist úr sjálfspurftabúskap á landsbyggðinni í borg-

arsamfélag með gatnakerfi, frárennsli, hitaveitu og stofnunum margvíslegum.

Guðmundur hugsaði ekki eingöngu um líkamlega heilsu borgaranna heldur einnig andlega vellíðan. Hann lagði mikla áherslu á fagurfræði skipulags og bygginga þannig að fólki liði vel í almenningsrýmum borgarinnar. Dagur brá upp alls kyns fróðleik um stöðu skipulagsmála nú 100 árum eftir stofnun LÍ, - og ekki víst að Guðmundur þótt framsýnn væri hefði getað séð fyrir allar þær vendingar. Og til dæmis þá staðreynd að við Íslendingar ferðumst í bíl til og frá vinnu mun meira en okkar nágrannaþjóðir sem bæði ganga, hjóla og nota almenningsgöngur miklu frekar en við. - Allt er það spurning um skipulag og pólitík, og Dagur vitnaði til orða Virchows: *Politics is public health in the most profound sense.*